

141. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 25.08. 2022, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Hafnarstjóri setti fundinn.

1. Kosning formanns. Tillaga lögð fram um Jón Bjarka Jónatansson. Tillagan samþykkt samhljóða og tók Jón Bjarki við stjórn fundarins.
2. Kosning varaformanns. Tillaga lögð fram um Heiðar Magnússon. Tillagan samþykkt samhljóða.
3. Bréf frá bæjarritara dags. 27.05. 2022, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 140. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
4. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 444 dags. 14.06. 2022. Lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 23.06. 2022, varðandi boðun á hafnasambandsþing sem haldið verður í Ólafsvík dagana 27. – 28.10. 2022. Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um fulltrúa á þingið.

Aðalmenn: Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Björn Arnaldsson hafnarstjóri
Jón Bjarki Jónatansson formaður hafnarstjórnar

Varamenn: Heiðar Magnússon
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir
Guðmundur Rúnar Gunnarsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Bréf frá Vegagerðinni dags. 16.05. 2022, varðandi framkvæmdir við hafnir og sjóvarnir í samgönguáætlun tímabilið 2023 – 2027. Hafnarstjóri kynnti núverandi áætlun fyrir tímabilið 2020 – 2024, og þær framkvæmdir sem unnið er við í höfnum Snæfellsbæjar og við sjóvarnir í Snæfellsbæ á því tímabili. Þá kynnti hafnarstjóri tillögu að nýjum framkvæmdum í höfnum Snæfellsbæjar og við sjóvarnir í Snæfellsbæ tímabilið 2023 – 2027. Tillagan samþykkt samhljóða. Þá samþykkti hafnarstjórn samhljóða að staðfesta þau verkefni sem ólokið er við sem eru á samgönguáætlun tímabilið 2020 – 2024.
7. Rætt um boðun á hafnarstjórnarfundi. Hafnarstjóri lagði til að fundarboð vegna hafnarstjórnarfunda verði send bæði til aðalmanna og varamanna í hafnarstjórn. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.15

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður
Viktória Kr. Guðbjartsdóttir
Ægir Ægisson,
Oddur Orri Brynjarsson
Heiðar Magnússon
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.